

Fréttabréf Gæðastjórnunarfélags Norðurlands

- mars 2017 -

Kynning á Qlik í boði SAK

Í byrjun mars hafði Dórothea Jónsdóttir tölvunarfræðingur hjá Sjúkrahúsinu á Akureyri samband við okkur að fyrra bragði þar sem hún vildi kynna félagsmönnum GSFN fyrir hugbúnaði sem þau hafa verið að skoða. SAK hefur verið að skoða lausnir til utanumhalds á starfsemistölum, mælingum og öðru tengt gæðamálum. Nokkrir félagsmenn nýttu sér þetta góða boð frá Dóratheu en á staðnum var einnig ráðgjafi frá Capacent sem sýndi virkni kerfisins. Viljum við þakka SAK kærlega fyrir heimboðið og þökkum við kærlega fyrir frumkvæðið.

Heimsókn í MS

Þann 6. apríl ætlar Egill Thoroddsen gæðastjóri hjá Mjólkursamsölunni (MS) að bjóða aðildarfélögum GSFN í heimsókn milli klukkan 10-11 og mun hann kynna starfsemi fyrirtækisins og gæðakerfi þess. Spurningar sem Egill ætlar að svara eru m.a.: „Hverjar eru helstu ógnir hvað varðar matvælaöryggi í mjólkuriðnaði?“, „hvernig hjálpar ISO 9001 staðalinn MS í daglegum rekstri“ og „hvernig gengur innleiðing gæðahandbókar yfir í SharePoint?“. Í lokin verður gengið um vinnslusali MS og starfsemin sýnd.

ISO 9001:2015 kominn út á íslensku

Í vikunni barst tilkynning frá Staðlaráði Íslands að nú væri ISO 9001 og 9000 loks fánlegir í íslenskrri þýðingu. GSFN mun skoða hvort möguleiki sé á stuttri kynningu frá þeim við fyrsta hentugleika.

Matur og málstofa í maí

GSFN og Ferðamálastofa ætla að standa fyrir hálf dags málstofu þann 11. maí í Hofi. Hægt verður að kaupa léttan hádegisverð fyrir viðburðinn hjá Bistro 1862. Nánari upplýsingar um viðburðinn verða auglýstar síðar.

Hafðu samband

Við hvetjum þig til að hafa samband ef þú ert með hugmynd að atburði, ábendingu eða vilt koma einhverju á framfæri. Pósthólfið okkar er gaedastjornun@gmail.com

Jafnframt bendum við á heimasíðu félagsins (<http://gaedastjornun.weebly.com/>) og Facebook síðuna Gæðastjórnunarfélag Norðurlands.

Bestu kveðjur frá stjórn Gæðastjórnunarfélags Norðurlands,

Fannberg Jensen í B. Jensen, Egill í Mjólkursamsölunni, Hannes á Rafeyri, Þóra Ýr í Ramma og Þórdís Huld í Becromal.